

Orkustofnun
Raforkueftirlit
Grensásvegi 9

8.11.2019
2019-01-1096/10.1

Efni: Viðbrögð Landsnets við umsögnum viðskiptavina um kerfisáætlun 2019-2028

Sem hluta af samþykktarferli kerfisáætlunar Landsnets fyrir tímabilið 2019-2028 hefur Orkustofnun boðið viðskiptavinum Landsnets að koma á framfæri skriflegum athugasemdum vegna kerfisáætlunar sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Landsnet ber samkvæmt sömu grein að bregðast við framkomnum athugasemdum innan fjögurra vikna frá því að þær berast. Alls bárust umsagnir frá fjórum viðskiptavinum Landsnets þann 9. október 2019. Þessir aðilar eru Landsvirkjun, Norðurál, Orka náttúrunnar og Veitur, ásamt því sem umsögn barst frá Orkuveitu Reykjavíkur sem ekki er viðskiptavinur Landsnets.

Hér á eftir fara viðbrögð Landsnets við þeim athugasemdum sem fram komu. Viðbrögðum er raðað upp eftir umsagnaraðilum á þann hátt að vitnað er til fyrirsagnar í viðkomandi athugasemd eins og hún kom fyrir í umsagnarbréfi. Svarbréf þetta verður því að lesast saman með innsendum umsögnum.

Ekki er tekin afstaða til umsagnar frá Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem að hún er ekki viðskiptavinur Landsnets auk þess sem athugasemdinni virðist ekki beint til Landsnets.

Virðingarfyllst



Gnýr Guðmundsson
Yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu

Viðbrögð við athugasemdom

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Athugasemd: Raforkuspá orkuspárnefndar

Viðbrögð: Landsnet mun koma athugasemdom um aðferðir og niðurstöður raforkuspár til Raforkuhóps orkuspárnefndar. Landsnet mun eftir sem áður vinna eftir niðurstöðum orkuspárnefndar í samræmi við athugasemdir viðskiptavina við kerfisáætlun 2016-2025.

Athugasemd: Mælikvarðar

Viðbrögð: Landsnet tekur undir röksemdir ON um að umrædd markmið fyrirtækisins um áreiðanleikastuðla hafi ekki náðst né að árangur hafi versnað. Hins vegar má benda á að skerðing hjá notendum á skerðanlegum flutningi sést ekki á þessum stuðlum og hefur Landsnet þurft að grípa í meira mæli til skerðinga hjá slíkum notendum. Þó svo að þessir notendur séu búnir að samþykkja slík rof á afhendingu má benda á aukning á tilfellum skerðinga á þessari afhendingu bendir til að þolmörk kerfisins verða sífellt þandari. Áreiðanleikastuðlarnir SMS, SRA og KM sem Landsnet setur sér markmið um mæla skerðingar á forgangsnotkun og slík tilfelli eru í hæsta máta óásættanleg og skyldi ekki bíða eftir þeim tímamarki að fyrirtækið neyðist til að ganga á forgangsnotkun til að tryggja rekstraröryggi í eðlilegum rekstri. Þegar lagt er mat á matsþátt um áreiðanleikastuðla í mati á valkostum langtímaáætlunar eru metnar líkur á jákvæðum eða neikvæðum áhrifum á skerðingar á forgangsnotkun.

Athugasemd: Þróun meginflutningskerfisins

Viðbrögð: Orðunum sem vísað er til útskýra að sú staða sem stefnt er að eftir 10 ár er ekki lokastaða flutningskerfisins. Þróun þess mun halda áfram og því ætlar Landsnet að stýra fjárfestingum þannig að þær hækki ekki gjaldskrá til lengri tíma enda þótt það sé illmögulegt að koma í veg fyrir skammtímasveiflur. Landsnet er meðvitað um þróun flutningskostnaðar héraendis og erlendis en bendir á að styrkinga sé þörf svo hægt sé að uppfylla markmið raforkulaga um jöfnun atvinnutækifæra um landið og rafvæðingu fiskibræðslna. Markmið Landsnets er eftir sem áður að uppfylla þessi markmið á sem hagkvæmastan hátt.

Athugasemd: Hagrænt mat á valkostum

Viðbrögð: Landsnet telur að breytinga á flutningskostnaði raforku séu ekki líklegar til að hafa teljandi áhrif á samkeppnishæfni landsins. Aðrir þættir á borð við þróun gengis, launakostnaður og önnur aðföng eru öll líkleg til að vega talsvert þyngra en tímabundin hækkun flutningskostnaðar. Landsnet vill einnig benda á að verð er bara hluti af samkeppnishæfni sem felur líka í sér þætti á borð við gæði og áreiðanleika raforku og getu nýrra viðskiptavina til að velja sér staðsetningu út frá öðrum forsendum en rýmd í flutningskerfinu. Þá er rétt að ítreka að bætt nýting virkjana upp á 400 GWst á ári er til komin vegna fleiri virkjana en bara virkjana í eigu Landsvirkjunar. Þá hefur áður komið fram í svörum Landsnets að það er ekki hlutverk fyrirtækisins að ákveða hver á að njóta ábata af flutningskerfinu. Greiðslur fyrir tengingu við flutningskerfið eru reiknaðar í samræmi við netmála Landsnets.

Athugasemd: Mismunandi uppbyggingarhraði

Viðbrögð: Á mynd 6-1 er sýnd tímaáætlun fyrir þær lykilmjárfestingar sem eru inni á 10 ára áætlun. Þarna er hvorki tæmandi upptalning á fjárfestingum Landsnets á þeim 10 árum né tæmandi fyrir næstu 15 ár. Ótaldar

á myndinni eru fjárfestingar í landshlutakerfum, endurnýjanir og aðrar minni fjárfestingar. Mynd 6-2 er sett fram svo lesendur geti áttað sig á því hvaða lykilmjárfestingar breytast í valkosti A ef valin er hægari uppbygging. Sambærilegar skýringar eiga við um myndir 6-7 og 6-8 auk myndar 6-13.

Athugasemd: Viðbrögð Landsnets við áhyggjum viðskiptavina

Viðbrögð: Landsnet ítrekar markmið sitt um að hækka ekki gjaldskrá til lengri tíma. Eftir sem áður eru sveiflur á flutningskostnaði til skamms tíma möguleiki. Til dæmis hefur verðskrá Landsnets til stórnótenda verið undir langtímaþvægi undanfarin ár. Tilgangur þeirra svara sem vísað er til var að benda á að fyrirséðar sveiflur á flutningskostnaði hér á landi séu ekki af þeirri stærðargráðu að ástæða sé til að hafa áhyggjur af samkeppnishæfni landsins.

Athugasemd: Vindorkusviðsmyndir og ný lína

Viðbrögð: Landsnet tekur undir það að staðsetning vinnslu (og notkunar) er ráðandi þáttur í flutningsþörf meginflutningskerfisins. Niðurstöður kerfisgreininga sem Landsnet framkvæmdi fyrir kerfisáætlun 2019-2028 sýna þó glögg að þyngst lestaða leiðin á byggðalínurhringnum er á milli Hvalfjarðar og Blöndu, óháð þeirri sviðsmynd sem skoðuð var. Það má því áætla að það gildi fyrir flestar sviðsmyndir sem settar eru upp. Ný tenging á milli Hvalfjarðar og Hrótafjarðar er áfangi í því að tengja á milli þessara punkta og því rökrétt að setja hana á 10 ára áætlun. Í drögum að kerfisáætlun sem gefin voru út síðastliðið vor (Landsnet -19010) var fyrirvari í kafla 5 (5.1.2, bls. 118) þar sem þess var getið að þróun vindorkuverkefna gæti haft áhrif á áætlun um lykilmjárfestingar í meginflutningskerfinu á næstu 10 árum. Í kjölfar umsagnarferlis og þróun vindorkuverkefna síðustu mánuði var ákveðið að virkja þennan fyrirvara og breyta forgangsröðun verkefna á þann hátt að tengingin nái inn á 10 ára langtímaáætlun. Landsnet gerir sér grein fyrir því að með þessari breytingu, þá er verið að nálgast B valkosti meira og fjarlægjast valkosti A. Landsnet er þó ekki tilbúið að gefa út afgerandi niðurstöðu að svo komnu máli og verður ýtarleg umfjöllun um þetta atriði væntanlegt í næstu kerfisáætlun.

Athugasemd: Styrking á NA-landi - Nýtt tengivirki á Hólasandi

Viðbrögð: Sá valkostur að byggja ekki tengivirki á Hólasandi og tengja línuna beint í tengivirkið í Kröflu í staðinn var greindur í valkostagreiningu framkvæmdaáætlunar 2019-2021. (Landsnet - 18024, bls. 68) þar kemur fram að sá valkostur (valkostur 4) er 180 milljón krónum dýrari en bygging nýs tengivirkis á Hólasandi. Bygging nýs tengivirkis á Hólasandi er því bæði ódýrari kostur, sem einnig skilar auknu öryggi með aukinni möskvun kerfisins.

Athugasemd: Skerðanlegir notendur á Austurlandi

Viðbrögð: Landsnet ítrekar að notendur á skerðanlegum flutningi njóta hvorki forgangs í venjulegum rekstri né í greiningum á framtíðarkerfinu. Skerðanlegur flutningur er þjónusta sem ekki er æskileg til langs tíma lítið enda er boðið upp á hana til þess að geta afhent orku út af kerfinu á tíma sem kerfið er ekki rekið nærri flutningstakmörkunum og ekki eru truflanir eða aðrar raskanir á rekstri raforkukerfisins í heild, þ.m.t. vinnslukerfisins. Við þetta má bæta að stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins kveður á um að einfalt rof í kerfinu valdi ekki straumrofi hjá neinum notendum fyrir árið 2040 og það að bjóða upp á skerðanlegan flutning verði brátt tímaskekkja m.v. þetta stefnumið.

Athugasemd: Blöndulína 3

Viðbrögð: Áætlanir um fjárfestingar byggja á fjölbættu mat, þar á meðal hvort einstakar línur valdi takmörkunum á öðrum línunum. Landsnet lítur ekki til meðaltalflutnings á línunum við ákvarðanir um fjárfestingar í kerfinu. Umrædd lína er nú takmarkandi fyrir aðrar línur í kerfinu þar sem um er að ræða veikustu og elstu línu á byggðalínurhringnum sem Landsnet telur að síst ætti að fresta. Má minna á að upphaflega var Blöndulína 3 fremst í forgangsröðun og forsendur fyrir því hafa ekki breyst að miklu leyti. Varðandi áhyggjur af offjárfestingu er nóg að vísa til fyrirvara sem koma fram í kerfisáætlun um að hraði framkvæmda að einhverju leyti taka mið af raunþróun notkunar kerfisins.

Athugasemd: Aflgeta afhendingarstaða

Viðbrögð: Athugasemdum um forsendur, aðferðir og niðurstöður raforkuspár verður beint til orkuspárnefndar.

Um nákvæma skilmála skerðingarheimilda verður ekki fjallað í kerfisáætlun vegna trúnaðarákvæða og viðskiptahagsmuna. En almennt lítur Landsnet svo á að skerðingarheimildir í samningum séu tilkomnar vegna eðlislægs breytileika orkuframboðs í raforkukerfi sem byggir að jafnmiklu leyti á vatnsafl og það íslenska. Það ætti flestum að vera kunnugt að vatnsbúskapur er ójafn milli ára og skerðingarákvæði til stóriðju eru til komin vegna þessa eðlis íslenska raforkukerfisins. Landsnet lítur ekki svo á að skerðingar eigi að koma til vegna takmarka í flutningskerfi í ótrufluðum rekstri.

Það er rétt að kort um afhendingargetu birta ekki nýja afhendingarstaði. Þetta er yfirsjón og verður lagað. Varðandi aukna flutningsgetu til og frá Vestfjörðum er bent á að helsta ástæða aukningar afhendingargetu á Vestfjörðum mun koma til vegna aukningar á kerfisstyrk á byggðalínuhringnum, sem leiðir af sér töluvert mikið betri nýtingu á núverandi flutningsmannvirkjun á Vestfjörðum, en ekki vegna offjórðingara.

Athugasemd: Yfirvofandi aflskortur

Viðbrögð: Landsnet hefur það að markmiði að gefa út nýja skýrslu um afl- og orkujöfnuð á hverju ári. Skv. því er stefnan sú að hún komi næst út á fyrri hluta ársins 2020 og verður við vinnslu hennar horft til nýjustu útgáfu Raforkuspár.

Athugasemd: Nýir notendur og netmáli D.3

Viðbrögð: Tenging frá Hvalfirði í Hrútafjörð er fyrsti áfangi í samtengingu landshluta. Mikill áhugi á vindorkuframleiðslu á Vesturlandi varð til þess að þessum áfanga varð flýtt, en sú ákvörðun er einnig talin þjóna hagsmunum fleiri aðila, þar sem um mikilvægan áfanga í nýrri kynslóð byggðalínu er að ræða. Til að bregðast við óvissu varðandi uppbyggingu vindorku er settur fyrirvari um tímasetningu framkvæmdarinnar. Skýrt er tekið fram að nýr tengipunktur í Djúpi er háður því að Hvalárvirkjun verði að veruleika, ellegar verði tengipunkturinn ekki að veruleika. Landsnet bendir á að ef af Hvalárvirkjun verður munu aflvélar virkjunarinnar sinna því hlutverki sem vísað er í að launafsvirki myndi þjóna og er því ekki gert ráð fyrir auknu höggi vegna launafsjáfnvægis. Greiningar Landsnets hafa sýnt ótvírætt fram á það að flutningstöp minnki með tilkomu Hvalárvirkjunar tengda við nýjan afhendingarstað í Djúpi.

Landsvirkjun

Athugasemd: Valkostir langtímaáætlunar

Viðbrögð: Landsnet hefur áður nefnt í svörum við athugasemdum að orðalag í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins, um línulagnir yfir hálendið sé loðið og ekki sé alveg ljóst hvort einungis sé átt við loftlínur, eða bæði loftlínur og jarðstrengi. Landsnet mun því vinna áfram með þann möguleika að lögð sé línu yfir hálendið. Boðuð er frekari umfjöllun um þetta mál í hagsmunaráði Landsnets og í næstu kerfisáætlun í framhaldinu.

Athugasemd: Valkostur C

Viðbrögð: Valkostur C var settur fram að beiðni umsagnaraðila í umsagnarferli fyrri kerfisáætlana. Hann er settur fram í þeim tilgangi að bera saman hvernig valkostur sem ekki felur í sér samtengingu landshluta kemur út, tæknilega og fjárhagslega, samanborið við valkosti sem fela í sér samtengingu. Niðurstaða samanburðarins er sú að valkosturinn er sá sem síst uppfyllir markmið raforkulaga, bæði tæknilega og fjárhagslega og er því sá valkostur sem Landsnet mælir ekki með. Niðurstöður samanburðarins má finna í langtímaáætlun (Landsnet - 19035), kafla 4.4.9 bls. 102 og kafla 7, bls. 140

Athugasemd: Samtenging landshluta

Viðbrögð: Umbeðin gögn frá öllum vinnslufyrirtækjum voru metin saman sem matsþáttur Bætt nýting virkjanna. Hlutur Landsvirkjunar vóg þar þyngst þótt aðrir vinnsluaðilar skiluðu líka inn upplýsingum um mögulega bætingu. Landsnet bendir annars vegar á fylgiskjal um þjóðhagslega arðsemi og hins vegar á umfjöllun um valkost C í kafla 7, Samtenging landshluta. Þar kemur fram að sá valkostur var sá eini þar sem ekki var gert ráð fyrir því að umrædd orka losnaði. Hagkvæmni þess valkosts er umtalsvert minni en A- og B- Valkosta.

Athugasemd: N-1 kerfi

Viðbrögð: Ítrekað er að fullt N-1 öryggi er ekki hönnunarforsenda hjá Landsneti. Nálgunin í valkostagreiningum kerfisáætlunar er sú að N-1 öryggi er einn matsþáttur í mati á markmiði raforkulaga um öryggi. Þessi þáttur er metinn og ef vel er að gáð hljóta valkostir misjafna útkomu í þessum þætti eins og sjá má í viðauka með langtímaáætlun. Ef fullt N-1 öryggi væri hönnunarforsenda hjá Landsneti þyrfti ekki að spyrja að þessu og allir valkostirnir væru framlagðir með það að forsendu að allir væru metnir með hæstu einkunn í mati á þessum þætti. Ef valkostur á að veita fullt N-1 öryggi alls staðar er ljóst að hann yrði mjög dýr kostur (fræðilega séð er flutningskerfi sem aldrei bilar óendanlega dýrt). Þetta samfélagslega mat sem krafa er gerð um að sé framkvæmt er þegar gert í kerfisáætlun í kafla um hagrænt mat valkosta. Þar er framkvæmdakostnaði valkosta stillt upp á móti samfélagslegum ábata af framkvæmdum.

Athugasemd: Vindorka

Viðbrögð: Vinna er í gangi við þróun raforkumarkaðar á Íslandi. Á meðan óvissa ríkir um fyrirkomulagið sem á þessum málum verður þarf við tæknilegar greiningar að gefa sér vissar forsendur. Þegar þau atriði sem kunna að hafa áhrif á þessar tæknilegu greiningar liggja fyrir verða þær endurskoðaðar til að endurspegla hegðun raforkukerfisins með sem bestu móti.

Athugasemd: Lykilhugtök

Viðbrögð: Það er rétt að Landsnet gerir ekki ráð fyrir að efna til sérstakra fjárfestinga vegna skerðanlegs flutnings skv. netmála. Það þýðir þó ekki að valkosti um styrkingu kerfisins skyldi takmarka sérstaklega til að passa upp á að notendur á skerðanlegum flutningi njóti á engan hátt góðs af þeim. Landsnet ítrekar að notendur á skerðanlegum flutningi njóta hvorki forgangs í venjulegum rekstri né í greiningum á framtíðarkerfinu. Skerðanlegur flutningur er þjónusta sem ekki er æskileg til langs tíma lítið enda er boðið upp á hana til þess að geta afhent orku út af kerfinu á tíma sem kerfið er ekki rekið nærri flutningstakmörkunum og ekki eru truflanir eða aðrar raskanir á rekstri raforkukerfisins í heild, þ.m.t. vinnslukerfisins. Við þetta má bæta að stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins kveður á um að einfalt rof í kerfinu valdi ekki straumrofi hjá neinum notendum fyrir árið 2040 og það að bjóða upp á skerðanlegan flutning verði brátt tímaskekkja m.v. þetta stefnumið.

Athugasemd: Flöskuhálsar og tengingar á milli svæða

Viðbrögð: Landsnet telur að umræður um fjárhagslegan ramma Landsnets og mögulegar markaðslausnir eigi heima annars staðar en í kerfisáætlun. Landsnet bendir á samráðsvettvang á borð við viðskiptamannaráð sem heppilegri vettvang fyrir þessa umræðu.

Athugasemd: Þróun flutningsparfar á milli landssvæða

Viðbrögð: Notkun Landsnet á hugtakinu „orkugeta flutningskerfisins“ er eingöngu á fræðilegum nótum og ekki er um að ræða stærð sem Landsnet meðhöndlar eða reiknar út á nokkurn hátt. Hins vegar er afar einfalt að reikna út orkugetu stakrar flutningseiningar enda vísað í það hugtak í texta kerfisáætlunar. Það er sú orka sem einingin getur flutt á ársgrundvelli (Hitaflutningsmörk margfölduð með fjölda klukkustunda í árinu). Ekki er til neitt sem kallast uppsöfnuð "orkugeta flutningskerfisins" enda ákvarðast orkugeta raforkukerfisins af vinnslukerfinu eins og Landsvirkjun bendir réttilega á.

Athugasemd: Græn framtíð

Viðbrögð: Landsnet er meðvitað um þessa leið og telur líklegt að hún verði höfð til hliðsjónar að einhverju leyti við uppbyggingu meginflutningskerfisins.

Athugasemd: Áhrif annara áætlaðra fjárfestinga á flutningskostnað

Viðbrögð: Eins og fram kemur í athugasemd eru áætlaðir 26 makr. til annarra fjárfestinga í meginflutningskerfinu næstu 15 árin. Þetta eru eins og fram kemur bæði verkefni sem tengjast tengivirkjum, bæði nýjum og eins endurnýjun á eldri virkjum. Einnig er um að ræða styrkingar og eða endurnýjun á flutningslínunum. Fyrir flest þessarar verkefna liggur ekki fyrir nákvæm tímasetning, né hefur forkönnun eða valkostagreining farið fram. Það er því erfitt að segja til um nákvæman kostnað og er því einungis um gróft kostnaðarmat að ræða. Það er meginástæða þess að Landsnet vildi síður birta listann, en engu að síður er hann birtur hér.

Þau verkefni sem unnið hefur verið með eru eftirfarandi: Það skal ítrekað að listinn er háður breytingum og ekki hafa verið teknar endanlegar ákvarðanir um framkvæmd, útfærslur, né endanlega tímaröð.

Brennimelur - 132 kV endurnýjun, Geitháls – endurnýjun, Hnappavellir – tengivirki, Hrauneyjar – upptekt, Hrauntungur – tengivirki, Hrutatunga – endurnýjun, Hryggstekkur - 220 kV, Klafastaðir – tengivirki, Lækjartún – tengivirki, Njarðvíkurheiði – tengivirki, Nyr afhendingarstaður í Ísafjarðardjúpi, Sigalda – endurnýjun, Stuðlar – breyting, Varmahlíð – endurnýjun, Vatnshamrar – endurnýjun, Fljótsdalslína 2 – styrking/endurnýjun, Lækjartúnslína 2 – ný lína, Mjólkár lína 1 – styrking/endurnýjun, Vatnshamralína 1 – styrking/endurnýjun, Blönduveita – tenging, Hafnarfjarðarlína 1 – færsla, Korpulína 1 – færsla, Rauðavatnslína 1 – færsla.

Veitur

Athugasemd: Hagsmunir vatnsverndar í Heiðmörk

Viðbrögð: Þar sem áætlanir eru um lagningu raflína innan vatnsverndarsvæða vinnur Landsnet áhættumat og leggur til áhættuminnkandi aðgerðir á framkvæmdatíma. Flestar þær aðgerðir varða varnir gegn olíuleka og smiti olíuefna en einnig notkun hættulegra efna. Þá er fyrirséð að þegar nær dregur framkvæmdum og unnið að leyfisumsóknum séu greiningar á áhættum og mótvægisáðgerðum uppfærðar í samræmi við þörf og samráð við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og vatnsveitur.

Athugasemd: Umhverfisáhrif Lyklafellslínu 1

Viðbrögð: Umhverfismat kerfisáætlunar byggir á lögum um umhverfismat áætlana, sem felur í sér að matið er unnið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Landsnet telur því ekki tilefni til þess að fjalla ítarlegar um umhverfisáhrif Lyklafellslínu 1 í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar. Frekari gögn og greiningar verða unnin og lögð fram þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum Lyklafellslínu 1. Þar er einnig fyrirséð að unnið verði að nánari valkostagreiningu. Vinna við val á þeim valkostum sem teknir verða teknir til mats á umhverfisáhrifum verður unnin í samráði í undirbúningi matsins, þ.e. á matsáætlunarstigi (frá drögum áætlunar til endanlegrar). Ætlunin er að stofnað verði verkefnaráð um verkið, líkt og Landsnet hefur gert undanfarið í stærri framkvæmdaverkum fyrirtækisins, en slíkt ráð hafa m.a. verið virkjuð í umræðu um mögulega valkosti í matinu. Í verkefnaráð er reynt að skipa hagsmunaaðilum sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta. Landsnet telur að þegar kemur til þess að stofnað verður verkefnaráð fyrir Lyklafellslínu 1, þá sé nauðsynlegt að þar sé fulltrúi sem gæti hagsmuna vatnsverndar.

Athugasemd: Rannsókn á vatnsverndarsvæðum

Viðbrögð: Það var fyrirséð að þegar kæmi að því að vinna að nýju mat á umhverfisáhrifum Lyklafellslínu 1 myndi þurfa að afla nýrra gagna frá því fyrra mat SV-lína var gert. Þau gögn sem Veitur vísa hér í og bjóða

Landsneti aðgang að við fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum eru augljóslega mikilvæg í það mat. Landsnet þakkar Veitum kærlega fyrir boð um veitta aðstoð.

Athugasemd: Áhrif framkvæmdaáætlunar á dreifikerfi Veitna

Viðbrögð: Landsnet er meðvitað um tengivirkni við Korpu. Það er ekki komið á þriggja ára framkvæmdaáætlun eins og er, en er til skoðunar. Hvað varðar aukna innmötun til höfuðborgarinnar frá Hellisheiði, er það á áætlun og má gera ráð fyrir að ákvörðun um það hvaða lausn skuli stefnt að, muni liggja fyrir á næsta ári, 2020.

Athugasemd: Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku

Viðbrögð: Greiningar á aflgetu afhendingarstaða eru í stöðugri þróun og endurskoðun og á undanförunum misserum hafa verið unnar miklar greiningar á stöðu þessara mála á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsir valkostir eru til skoðunar hjá Landsneti til eflingar tenginga höfuðborgarsvæðisins. Ítrekað er að styrking á línuleiðinni frá Hellisheiði til höfuðborgarsvæðisins er hluti af öllum valkostum langtímastyrkinga flutningskerfisins. Ekki hefur þó verið ákveðið endanlega með hvaða hætti sú styrking verður útfærð.

Norðurál

Athugasemd: Aðhald frá raunverulegum greiðendum

Viðbrögð: Landsnet hefur á síðustu misserum lagt aukna áherslu á samráð við hagsmunaaðila og við samfélagið í heild sinni. Stofnuð hafa verið svæðisbundin verkefnaráð, samráðsvettvangur fyrir stærri framkvæmdir eins og Hólsandslínu 3, Suðurnesjalínu 2 og Kröflulínu 3. Þar koma helstu hagsmunaaðilar saman með reglulegu millibili. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Fulltrúar í verkefnaráðum koma m.a. frá sveitarfélögum, samtökum atvinnulífs, atvinnuþróunarfélögum, umhverfissamtökum fræðasamfélaginu og stofnunum eftir því sem við á hverju sinni. Fulltrúar einstakra fyrirtækja eiga ekki fulltrúa í ráðunum en hafa aðkomu í gegnum samtök atvinnulífs á fjölbreyttu sviði. Landsnet fagnar ábendingum um aukna samvinnu og ósk um aukna aðkomu stærstu raforkunotenda og mun á næstu misserum leggja drög að enn víðtækara samráði með það að markmiði að ná sem bestri sátt í samfélaginu um uppbyggingu flutningskerfis raforku á landinu.

Hvað varðar seinni lið athugasemdarinnar er vísað til svars 2.15.4 við samhljóðandi athugasemd frá almennu umsagnarferli vegna kerfisáætlunar 2019-2028. Hvað varðar uppbyggingu í flutningskerfinu fyrir fiskimjölsverksmiðjur má benda á 8. tölulið A-liðar stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins, en þar stendur orðrétt: „Tryggja skal að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna.“

Þó svo að búið sé að setja upp búnað til rafvæðingar fiskiðjuvera þá hamlu flutningstakmarkanir því að hægt sé að nota rafmagn að fullu til vinnslunnar. Athugasemdir um breytingar á fjármögnun flutningskerfisins myndu krefjast breytinga á raforkulögum og eiga því ekki erindi við kerfisáætlun.

Athugasemd: Ákall eftir gögnum

Viðbrögð: Hugmyndin um að auðkenna orsakir takmarkana á myndir fyrir aflgetu afhendingarstaða er góð og Landsnet mun skoða að breyta þessum myndum í næstu kerfisáætlun til að sýna þetta með einhverjum hætti. 0-10 MW flokkurinn er sýndur á myndum fyrir svæðisbundin flutningskerfi, þar er aflgetan greind með meiri upplausn en gert er fyrir meginflutningskerfið. Áreiðanleikastuðlar Landsnets (SMS, SRA og KM) sýna ekki alla myndina þar sem um er að ræða skerðingu á forgangorku og fela ekki sér skerðingar á skerðanlegum flutningi. Þó að notendur á skerðanlegum flutningi hafa samið um lægra verð á flutningi fyrir

að vera skertir þá gefa aukin tilfelli slíkra skerðinga til kynna að kerfið er að verða sífellt meira pressað. Áreiðanleikastuðla í góðu veðurári ætti ekki túlka sem skilaboð um vanþörf á því að styrkja kerfið. Styrking milli Geitháls og Brennimels mun verða sett á framkvæmdaáætlun þegar aðrar framkvæmdir sem Landsnet telur meira aðkallandi hafa komist til framkvæmda, t.d. telur Landsnet það mikilvægara að reisa nýtt tengivirki sem leysir Brennimel af hólmi þar sem núverandi útitengivirki uppfyllir ekki öryggiskröfur í samræmi við það afl sem afhent er þaðan.

Athugasemd: Skortur á samráði við notendur

Viðbrögð: Landsnet þakkar ábendingu er varðar mikilvægi samráðs og aðkomu orkufyrirtækja á þeim vettvangi. Hagsmunaráð hefur nú starfað í rúmt ár en þar sitja fulltrúar fjölmargrar ólíkra hagaðila, s.s. eins og náttúruverndarsamtaka, ASÍ, Samtökum Íslenskra sveitarfélaga frá fræðasamfélaginu ofl. Fulltrúar einstakra fyrirtækja eiga ekki fulltrúa í ráðinu en hafa aðkomu í gegnum samtök atvinnulífsins á fjölbreyttu sviði m.a. eiga fulltrúar samtaka iðnaðarins fjóra fulltrúa, tvo frá stórnöndum og tvo fulltrúa smærri iðnaðar. Hagsmunaráði er ætlað að skapa vettvang umræðna milli hagaðila í samfélaginu og Landsnets um ýmis málefni sem snerta uppbyggingu flutningskerfi raforku. Hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi fyrir Landsnet, m.a. við gerð kerfisáætlunar sem og vettvangur til að ræða stefnu, áætlanir og greiningar Landsnets með tilliti til þarfa og framtíðaáskoranna samfélagsins og hagaðila. Við skoðun og fyrirkomulagi hagsmunaráðsins hefur Landsnet litið til erlendra fyrirmýnda m.a. í Danmörku, Belgíu og Bretlandi en þar hefur í öllum tilvikum hagsmunaráð stuðlað að bættum samskiptum hagaðila. Landsnet er umhugað um að eiga gott samráð við hagaðila enda segir í stefnu fyrirtækisins að það eigi „frumkvæði að stöðugu samtali við hagsmunaaðila sem einkennast af hreinskilni, ábyrgð, víðsýni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja“ Landsnet mun halda áfram á sömu braut á næstu misserum og árum, efla og styðja við það sem nú þegar hefur verið sett af stað og vinna í að auka enn frekar á samráð í takt við ábendingar eins og hér eru settar fram um mikilvægi aðkomu orkufyrirtækja á sem flestum sviðum á fjölbreyttum vettvangi

Athugasemd: Raforkueftirspurn mætt með ótakmörkuðu framboði

Viðbrögð: Landsnet tekur undir þessa athugasemd.

Athugasemd: Undirliggjandi gögn þarfnast úrbóta

Viðbrögð: Landsnet tekur undir þessa athugasemd.

Athugasemd: Stefna stjórnvalda við lagningu jarðstrengja

Viðbrögð: Landsnet fylgir stefnu stjórnvalda um lagningu rafliða.

Athugasemd: Almennt varðandi framsetningu

Viðbrögð: Landsnet þakkar athugasemdina og gott boð.